

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
130. fundur – 11. september 2008

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fimmtudaginn 11. september 2008, og hófst hann kl. 17:15 að Garðatorgi 7, Garðabæ. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerð 129. fundar heilbrigðisnefndar frá 25. ágúst 2008

Samþykkt

2 Fundargerð 112. starfsmannafundar frá 8. september 2008

2.1 Starfsleyfi

2.1.1 Bæjarbraut 58, Garðabær - niðurrif

Lögð fram umsókn Ingva Jónssonar, f.h. SR verktaka, kt.460695-2449, dags. 27.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á bensínstöð að Bæjarbraut 58, Garðabæ. Tímabundin starfsemi

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest.

2.1.2 Gilsbúð 1, Garðabær - pökkun ávaxta

Lögð fram umsókn Hauks Magnússonar, f.h. Ávaxtabílsins ehf kt. 690605-1630, dags. 16.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til matvælavinnslu og pökkunar að Gilsbúð 1, Garðabæ. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttarreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með skilyrðum um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.3 Lyngás 11, Garðabær - trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Ingvars Einarssonar, kt.280352-3149, dags. 02.09.2008, þar sem sótt er um leyfi til rekstur trésmíðaverkstæðis að Lyngási 11, Garðabæ. Húshluti: 01 0101 Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.4 Lyngás 12, Garðabær - trésmíðja

Lögð fram umsókn Kristbjargar Þorvaldsdóttur, f.h. Tré-x ehf, kt.450692-2559, dags. 04.09.2008, þar sem sótt er um leyfi til rekstur trésmíðju með lökkun að Lyngási 12, Garðabæ. Húshluti: 02 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.5 Lyngás 20, Garðabær - bónstöð

Lögð fram umsókn Antons Traustasonar, f.h. AT-bílar sf, kt.540207-0110, dags. 28.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til rekstur bónstöðvar og bílaþrif að Lyngási 20, Garðabæ. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.6 Rjúpnahæð 1, Garðabæ - leikskóli

Lögð fram umsókn Hjördísar Brögu Sigurðardóttur, f.h. leikskólans Kjarrið okkar kt. 550808-0210, dags. 26.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Rjúpnahæð 1, Garðabæ. Húshluti: jarðhæð. Endurútgáfa.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttarreglugerðar er endurútgáfa stafsleyfis sem gildir til 23.04.2018 samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.7 Suðurhraun 12a, Garðabæ - heildsala

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Pálmadóttur, f.h. Artasan ehf, kt.620307-2380, dags. 26.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildsölu með heilsu – og fæðubótarefni, að Suðurhrauni 12a, Hafnarfirði. Húshluti: hluti af 01 0101. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaeignareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12.

Hafnarfjörður

2.1.8 Ásvellir 2, Hafnarfjörður - sundlaug

Lögð fram umsókn Bjargar Snjólfadóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7579, dags. 31.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sundlaugar að Ásvöllum 2, Hafnarfirði. Húshluti: Hús nr. 2 01 0101. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar og reglugerðar um sund- og baðstaði er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.9 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður - líkamsræktarstöð

Lögð fram umsókn Kolbrúnar Rakelar Helgadóttur, f.h. Gaman ehf Heilsuþýting. kt. 470205-1480, dags. 28.09.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði. Húshluti, hluti 01 0301. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.9.1 Hjallabraut 55, Hafnarfjörður - grunnskóli

Lögð fram umsókn Söru Daggar Jónsdóttur, f.h. Hjallastefnunnar, kt. 540599-2039, dags. 19.08.2008, þar sem sótt er um leyfi fyrir reksturs grunnskóla fyrir Hjallastefnuna ásamt mötuneyti að Hjallabraut 55, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.10 Kaldárselsvegur, Hafnarfjörður - niðurrif.

Lögð fram umsókn Reynis Kristjánssonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 02.09.2008, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til niðurrifs á hesthúsi við Kaldárselsveg, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest..

2.1.11 Norðurhella 2, Hafnarfjörður - skolphreinsistöð

Lögð fram umsókn Kristjáns Stefánssonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579 vegna fráveitu, dags. 21.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skolphreinsistöðvar í Hraunsvík við Reykjanesbraut og fráveitumannvirkja í Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með umsókn bærust eftirtalin fylgigögn:

- Dælu- og hreinsistöð í Hraunsvík, fylgigögn með starfsleyfisumsókn, þar með aðaltekningar arkitekta til bygginganefndar, ágúst 2008
- Fráveita Hafnarfjarðar. Dælu- og hreinsistöðvar. Skólp magn, nóvember 2006.
- Fráveita Hafnarfjarðar. Dælu- og hreinsistöðvar. Skólp magn sunnan Hvaleyrarholts, janúar 2008.
- Fráveita Hafnarfjarðar. Fjarvöktun, janúar 2006.
- Fráveita Hafnarfjarðar. Útrás frá dælu- og hreinsistöð. Straumsfræðirannsóknir, apríl 2006.
- Fráveita Hafnarfjarðar. Samþykkt um fráveitu Hafnarfjarðar.

Samþykkt að starfsleyfi fari í auglýsingu samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 fyrir alla fráveituna.

Kópavogur

2.1.12 Borgarholtsbraut 19, Kópavogur söluturn

Lögð fram umsókn Arnar R. Helgasonar, f.h. Bettís grill ehf. kt. 670808-0330, dags. 02.09.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns með ís og grill ásamt verslun að Borgarholtsbraut 19, Kópavogi. Húshluti: 01 0101, 02 0101. Breyting á starfsemi, eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.13 Borgarholtsbraut 44, Kópavogur gistiheimili

Lögð fram umsókn Sigríðar Þorbjarnardóttur, f.h. Gisting BB-44 ehf. kt. 710502-4120, dags. 20.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis með morgunmat að Borgarholtsbraut 44, Kópavogi. Húshluti: 01 0102. Breyting á starfsemi og endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.14 Fjallalind 20, Kópavogur - heildsala

Lögð fram umsókn Steinars Egilssonar, f.h. MV-heildsala ehf. kt. 560307-0120, dags. 27.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildsölu með innflutningi á hreinsiefnum og aðstöðu meindýraeyðis að Fjallalind 20, Kópavogi. Húshluti: hluti af kjallara. Ný starfsemi. Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2000-2012, er starfsemin á íbúðasvæði. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa dags. 8. september 2008 þar sem lagt er til að umræddri umsókn um starfsleyfi verði hafnað með vísun til þess að umrædd lóð er íbúðarhúsalóð skv. skipulagi. Afgreiðslu frestað meðan umsækjandi fær andmælarétt.

2.1.15 Hábraut 2, Kópavogur félagsmiðstöð

Lögð fram umsókn Andra Lefever, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759 vegna Molans - félagsmiðstöðvar dags. 02.09.2008, þar sem sótt er um leyfi til sölu veitinga í félagsmiðstöð fyrir 16 ára og eldri að Hábraut 2, Kópavogi. Húshluti: 01 0301. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.16 Nýbýlavegur 16, Kópavogur gistiheimili

Lögð fram umsókn Sigríðar Þorbjarnardóttur, f.h. Gisting BB-44 ehf. kt. 710502-4120, dags. 20.08.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Nýbýlavegi 16, Kópavogi. Húshluti: 01 0201. Endurútgáfa. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.17 Á Rjúpnahæð, Kópavogur - niðurrif. PS

Lögð fram umsókn Andrésar B. L., f.h. ABLTAKS, kt. 530499-4049, dags. 03.09.2008, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til niðurrifs símahúss á Rjúpnahæð fyrir Kópavogsbæ. Tímabundið. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest..

2.2 Umsagnir

Hafnarfjörður

2.2.1 Flatahraun 21, Hafnarfjörður - veitingastaður

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 03.09.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Aleksandru Janczynska, f.h. Warszawa ehf. kt. 580607-0210 um endurnýjun á rekstrarleyfi Bar Polonia Flatahraun 21. Meðfylgjandi er kvörtunarbréf til sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 20.08.2008, þar sem farið er fram á opinberir leyfisveitendur hafni endurútgáfu á rekstrarleyfi í III flokki til rekstraraðilanna. Frestað og rekstraraðila veittur andmælaréttur.

3 Reglugerð um hávaða

3.1 Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 28. ágúst 2008 þar sem kynnt er ný reglugerð um hávaða. Reglugerðin er nr. 724/2008 og birtist í Stjórnartíðindum þ. 21. júlí s.l.

3.2 Reykjanesbraut breikkun – umsókn um undanþágu vegna umferðarhávaða

Lagt fram að nýju erindi Hafnarfjarðarbæjar dags. 5. júní 2008 þar sem sótt er um undanþágu vegna fráviks frá viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða nr. 933/1999 við nokkur íbúðarhús í Hafnarfirði, þar sem hætt er við að hljóðstig verði yfir viðmiðunarmörkum að loknum fyrirhuguðum framkvæmdum við breikkun Reykjanesbrautar, frá Standgötu að Krýsuvíkurvegi.

Umsögn um mat á umhverfisáhrifum breikkunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð frá Standgötu að Krýsuvíkurvegi var til umfjöllunar á fundi heilbrigðisnefndar 1. apríl s.l. og umsögn um deiliskipulag Reykjanesbrautar í Hafnarfirði frá Áslandi I. áfanga að Hellnahrauni I. áfanga var til umfjöllunar á fundi heilbrigðisnefndar þann 18. febrúar s.l. Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sbr. tl. 5.7.

Samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008:

- eru felld niður fráviksmörk vegna umferðarhávaða,
- skipulagsyfirvöld fá sveigjanleika til að styðjast við hávaðamörk í samræmi við hljóflokunarstaðal fyrir íbúðarhúsnæði (IST 45:2003) á afmörkuðum svæðum.

Notkun staðalsins kemur í stað þeirra marka sem tilgreind eru í viðauka með reglugerðinni. Í staðlinum eru ekki tilgreind hámarksörk á háværi hlið húsnæðis, en á móti eru í staðlinum gerðar frekari kröfur um gæði húsnæðisins að öðruleyti. Kröfur í staðlinum eru að hluta til stangari en í núgildandi byggingarreglugerð.

Heilbrigðisnefnd leggur samkvæmt ofangreindu áherslu á að grípa skuli til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki við breytingar á umferðaræð í byggð sem fyrir er.

4 Fjárhagsáætlun 2009

Undirbúningur og umræða fyrir gerð fjárhags- og eftirlitsáætlana vegna ársins 2009. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5 Önnur mál

5.1 Fundir heilbrigðisnefndar

Áætlun um fundi heilbrigðisnefndar næstu mánuði undirbúin.

5.2 Kvartanir vegna hundahalds

Ræddar kvartanir og nauðsynlegar aðgerðir vegna ónæðis af hundahaldi í íbúðarhverfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Júlíus Kr. Björnsson

Steingrímur Steingrímsson

Sigurgeir Ólafsson

Halla Halldórsdóttir